

KJARASAMNINGUR

SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG
ANNARRA AÐILA SEM ÞAÐ HEFUR
SAMNINGSUMBOÐ FYRIR

OG

KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

VEGNA

FÉLAGS KENNARA OG STJÓRNENDA Í
TÓNLISTARSKÓLUM

SAMKOMULAG UM BREYTINGAR OG FRAMLENGINGU KJARASAMNINGS

GILDISTÍMI:

1. APRÍL 2018 til 31. MARS 2019

EFNISYFIRLIT

1.	Framlenging gildandi kjarasamninga	3
2.	Mánaðarlaun	3
3.	Mánaðarlaun í hlutastarfi / Ráðningarhlutfall	3
4.	Sérstakar eingreiðslur á samningstíma	3
5.	Ný grein 1.3.7: Viðbótarlaunaflokkar vegna kennsluferils	3
6.	Grein 1.4: Kennsla og röðun skólastjóra.....	4
7.	Grein 1.4.1: Stig skóla og kennsla skólastjóra	4
8.	Grein 1.4.2: Kennsla skólastjóra umfram kennsluskyldu.....	4
9.	Grein 1.4.3: Launatöflur og röðun skólastjóra	5
10.	Grein 1.4.4: Röðun skólastjórnenda ef nemendum fækkar	5
11.	Grein 1.4.5: Útibú frá skóla.....	5
12.	Grein 1.5.2: Laun millistjórnenda	6
13.	Kennsla millistjórnenda umfram kennsluskyldu	6
14.	Grein 1.8.2: Stundakennarataxtar.....	6
15.	Grein 1.10: Annaruppbót	7
16.	Ný grein 4.6: Ákvörðun orlofs	7
17.	Breyting á fylgiskjali 4 um afnot og greiðslur fyrir notkun á eigin hljóðfærum	7
18.	Atkvæðagreiðsla	7
	Fylgiskjal 1: Launatafla tónlistarskólakennara	8
	Fylgiskjal 2: Launatöflur skólastjóra og millistjórnenda.....	9

Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

gera með sér svofellt samkomulag um breytingar og
framlengingu á kjarasamningi aðila

1. FRAMLENGING GILDANDI KJARASAMNINGA

Kjarasamningur aðila framlengist frá 1. apríl 2018 til 31. mars 2019 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. MÁNAÐARLAUN

Grein 1.1.1 breytist svo:

Föst mánaðarlaun tónlistarskólakennara, sem gegnir fullu starfi, skulu greidd samkvæmt launatöflu í fylgiskjali 1.

Launatafla 1-A , gildistími: 1. apríl 2018 til 31. mars 2019.

3. MÁNAÐARLAUN Í HLOTASTARFI / RÁÐNINGARHLUTFALL

Grein 1.2.2 breytist frá 1. ágúst 2018 og hljóði svo:

Tónlistarskólakennari, sem ráðinn er til kennslu, sem er að lágmarki 25% af fullri kennslu, sbr. grein 2.1.6.2, taki föst mánaðarlaun.

Vinnuveitanda er heimilt að víkja frá þessu lágmarki og ráða tónlistarskólakennara í fast starf óháð starfshlutfalli telji hann það nauðsynlegt.

4. SÉRSTAKAR EINGREIÐSLUR Á SAMNINGSTÍMA

Sérstök eingreiðsla, kr. 51.900, greiðist þann 1. febrúar 2019 hverjum starfsmanni miðað við fullt starf sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember 2018.

5. NÝ GREIN 1.3.7: VIÐBÓTARLAUNAFLOKKAR VEGNA KENNSLUFERILS

Gildir frá 1. ágúst 2018

Starfsmaður sem tekur virkan þátt í starfsþróunaráætlun og viðheldur þekkingu sinni og færni fær hærri laun en ella. Þannig hækkar röðun starfsheita Tónlistarskólakennara I, II og III um einn launaflokk þegar 5 ára kennsluferli er náð.

Launahækkun vegna starfsþróunar skal miðast við næstu mánaðamót eftir að tilskildum kennsluferli er náð nema skólastjóri hafi tilkynnt launagreiðanda að viðkomandi hafi ekki uppfyllt skyldur sínar í samræmi við endurmenntunaráætlun skóla. Kennari ber ábyrgð á að upplýsingar um kennsluferil berist skóla/vinnuveitanda.

6. GREIN 1.4: KENNSLA OG RÖÐUN SKÓLASTJÓRA

Grein 1.4 breytist frá 1. ágúst og hljóðar svo:

Kjarasamningur þessi við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra er fastlaunasamningur sem tekur til stjórnunar tónlistarskóla og annarra faglegra starfa. Skólastjórar og aðstoðarskólastjórar fá umsamin mánaðarlaun, alla mánuði ársins án mats á vinnuframlagi í hverjum mánuði fyrir sig. Þeir fá því ekki greidda tilfallandi yfirvinnu. Undantekningar frá því eru kennsla með þeim takmörkunum sem getið er um í greinum 1.4.2 og 1.5.3.

Ákvæði um skólastjóra tónlistarskóla gilda einnig um stjórnendur skólahljómsveita (sem eru sérstakar rekstrareiningar) sbr. bókun 6 frá 2008.

7. GREIN 1.4.1: STIG SKÓLA OG KENNSLA SKÓLASTJÓRA

1.4.1 Stig skóla og kennsla skólastjóra

Kennsla skólastjóra ákvarðast af stigum skóla sem reiknast sem stöðugildi til kennslu (a) margfölduð með tíu að viðbættum fjölda nemenda (b). (Stig skóla=(a*10)+b).

Nemendur í forskóla og kór tónlistarskólans teljast með stuðlinum 0,5. Hver nemandi telst aðeins einu sinni.

Sjá nánar bókun I.

Gr. 1.4.1 breytist frá 1. ágúst og hljóði svo:

Stig	Kennsla
<50 stig	520
<85 stig	440
<135 stig	315
<170 stig	250
<235 stig	160
<300 stig	90
300 - stig	0

8. GREIN 1.4.2: KENNSLA SKÓLASTJÓRA UMFRAM KENNSLUSKYLDU

Grein 1.4.2 breytist frá 1. ágúst og hljóði svo:

Ef brýn þörf er á að skólastjóri kenni umfram ofangreind mörk skal hann fá greitt fyrir það með tímakaupi í yfirvinnu (1,0385%) skv. launaflokki 413.

Vinna skólastjóra utan dagvinnumarka, vaktaálag:

Vaktaálag til skólastjóra fyrir hverja klst. skal vera 33,33% af tímakaupi í dagvinnu í l.fl. 413 á tímabilinu 17:00–24:00 mánud.–fimmtud. Á tímabilinu frá kl. 17:00–24:00 föstud. og frá kl. 00:00–08:00 mánud.–föstud. svo og á tímabilinu 00:00–24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga, greiðist 55,00% álag. Á stórhátíðardögum, sbr. grein 2.1.4.3 greiðist 90% álag. Brot úr klukkustund greiðist hlutfallslega.

9. GREIN 1.4.3: LAUNATÖFLUR OG RÖÐUN SKÓLASTJÓRA**Grein 1.4.3 breytist svo:**

Föst mánaðarlaun skólastjóra sem gegnir fullu starfi skulu greidd samkvæmt launatöflum skólastjóra í fylgiskjali 2:

Launatafla 1-B, gildistími: 1. apríl 2018 til 31. júlí 2018

Launatafla 2-B, gildistími: 1. ágúst 2018 til 31. mars 2019

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum.

Ákvæði um röðun í lfl. eftir stigum skóla breytast 1. ágúst 2018 og verða samkvæmt eftirfarandi töflu:

Stig skóla	Launaflokkur	Stig skóla	Launaflokkur
0	410	400	424
24	411	500	425
40	412	600	426
60	413	700	427
80	414	850	428
100	415	1000	429
125	416	1150	430
150	417		431
175	418		432
200	419		433
225	420		434
250	421		435
300	422		436
350	423		

Lágmarksröðun skólastjóra er launaflokkur 414.

10. GREIN 1.4.4: RÖÐUN SKÓLASTJÓRNENDA EF NEMENDUM FÆKKAR**Grein 1.4.4 breytist og hljóðar svo:****1.4.4. Röðun ef nemendum fækkar**

Grunnröðun skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra í launaflokka breytist ekki þótt nemendum fækki á meðan sami aðili gegnir stöðunni. Kennsluskylda skólastjóra miðast við stig skóla hverju sinni (samanber gr. 1.4.1.). Kennsluskylda aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra miðast við stjórnunarhlutfall þeirra.

11. GREIN 1.4.5: ÚTIBÚ FRÁ SKÓLA**Grein 1.4.5 breytist frá 1. ágúst 2018 og hljóðar svo:****1.4.5 Útibú / starfsstöð frá skóla**

Hafi skólastjóri umsjón með útibúi/starfsstöð sem staðsett er í öðru byggðarlagi/hverfi tekur hann röðun einum launaflokki ofar en ella. Sama skal gilda um aðstoðarskólastjóra og/eða deildarstjóra sem stjórna þeim kennlustöðum sem um ræðir.

Samkvæmt þessari grein er að hámarki greiddur einn launaflokkur hvort sem útibú/starfsstöðvar eru ein eða fleiri.

12. GREIN 1.5.2: LAUN MILLISTJÓRNENDA**Grein 1.5.2 breytist og hljóðar svo:**

Föst mánaðarlaun aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra sem gegna fullu starfi skulu greidd samkvæmt launatöflum skólastjóra í fylgiskjali 2:

Launatafla 1-B, gildistími: 1. apríl 2018 til 31. júlí 2018.

Launatafla 2-B, gildistími: 1. ágúst 2018 til 31. mars 2019.

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum.

Ákvæði um röðun í lfl. eftir stjórnunarhlutfalli og stigum skóla breytast 1. ágúst 2018 og verða samkvæmt eftirfarandi töflu:

Stjórnunarhlutfall	Stig skóla	Aðstoðarskólastjóri Launaflokkur	Deildarstjóri Launaflokkur
<30%	að 125	413	412
	frá 126	414	413
30 til 49%	að 225	415	414
	frá 226	416	415
50 til 74%	að 325	417	416
	frá 326	418	417
75 til 100%	að 725	419	418
	frá 726	420	419

Grunnlaun millistjórnenda skulu að lágmarki vera 3% hærri en mánaðarlaun sem hann ella fengi sem tónlistarskólakennari skv. ákvæðum 1.3 í þessum kjarasamningi.

13. KENNSLA MILLISTJÓRNENDA UMFRAM KENNSLUSKYLDU**Grein 1.5.3 breytist frá 1. ágúst 2018 og hljóðar svo:**

Sé millistjórnanda falin kennsla umfram kennsluskyldu skal hún greidd með tímakaupi í yfirvinnu (1,0385%) af launaflokki 413, sbr. gr. 1.4.2.

Vinna millistjórnenda utan dagvinnumarka, vaktaálag:

Vaktaálag til millistjórnenda fyrir hverja klst. skal vera 33,33% af tímakaupi í dagvinnu í l.fl. 413 á tímabilinu 17:00–24:00 mánud.–fimmtud. Á tímabilinu frá kl. 17:00–24:00 föstud. og frá kl. 00:00–08:00 mánud.–föstud. svo og á tímabilinu 00:00–24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga, greiðist 55,00% álag. Á stórhátíðardögum, sbr. grein 2.1.4.3 greiðist 90% álag. Brot úr klukkustund greiðist hlutfallslega.

14. GREIN 1.8.2: STUNDAKENNARATAXTAR**Grein 1.8.2 breytist frá 1. ágúst 2018 og hljóðar svo:**

Taxti fyrir 60 mínútna kennslu fæst með því að margfalda mánaðarlaun í viðkomandi launaflokki sem hér segir:

- með 0,014337 fyrir kennslu nemenda í grunnnámi
- með 0,015532 fyrir kennslu nemenda í miðnámi
- með 0,017473 fyrir kennslu nemenda í framhaldsnámi.

Stundakennari skal fá 10,17% orlofsfé á stundakennarataxta skv. samningi þessum. Við 30 ára aldur skal hann fá 11,59%. Við 38 ára aldur skal hann fá 13,04%.

15. GREIN 1.10: ANNARUPPBÓT

Kennari/stjórnandi í fullu starfi skal fá greidda annaruppbót (persónuuppbót) í lok hveðrar annar, þ.e. 1. desember og 1. júní. Með fullu starfi er átt við 100% starf. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og starfstíma á hvorri önn.

Annaruppbót 1. júní 2018	kr. 85.000,-
Annaruppbót 1. desember 2018	kr. 85.000,-

16. NÝ GREIN 4.6: ÁKVÖRÐUN ORLOFS

Yfirmaður ákveður í samráði við starfsmenn, hvenær orlof skuli veitt. Honum er skylt að verða við óskum starfsmanna um, hvenær orlof skuli veitt og skal það veitt á sumarorlofstíma, sé þess óskað af hálfu starfsmanns og því verður við komið vegna starfa stofnunarinnar. Yfirmaður skal að lokinni könnun á vilja starfsmanna tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs, hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli.

17. BREYTING Á FYLGISKJALI 4 UM AFNOT OG GREIÐSLUR FYRIR NOTKUN Á EIGIN HLJÓÐFÆRUM

Frá og með 1. ágúst 2018 greiðist sama afgangur og í flokki 1 vegna hljóðfæra sem í kjarasamningi aðila, fylgiskjali 4 falla undir flokk 2.

18. ATKVÆÐAGREIÐSLA

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu fyrir 28. maí 2018. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 28. maí 2018 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 9. maí 2018

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,
með fyrirvara um samþykki stjórnar

F.h. Kennarasamband Íslands vegna
Félags kennara og stjórnenda í
tónlistarskólum með fyrirvara um
samþykki félagsmanna

FYLGISKJAL 1: LAUNATAFLA TÓNLISTARSKÓLAKENNARA

Mánaðarlaun tónlistarskólakennara sem gegna fullu starfi, skulu greidd skv. eftirfarandi launatöflu:

Launatafla 1-A, gildistími: 1. apríl 2018 til 31. mars 2019

LAUNATAFLA 1A		
FÉLAG KENNARA OG		
STJÓRNENDA Í TÓNLISTARSKÓLUM		
Tónlistarskólakennarar		
Frá 1. apríl 2018 til 31. mars 2019		
Starfsheiti	Launaflokkur	Laun
	101	295.553
	102	299.463
	103	303.428
	104	307.451
	105	311.535
	106	315.684
	107	319.892
	108	324.162
	109	328.496
	110	332.901
	111	337.366
	112	341.898
	113	346.501
	114	351.170
Tónlistarskólakennari I	115	355.911
	116	360.724
	117	365.606
	118	370.563
	119	375.598
	120	380.703
Tónlistarskólakennari II	121	385.888
	122	391.151
	123	396.491
	124	401.909
	125	407.411
	126	412.996
Tónlistarskólakennari III	127	418.664
	128	424.421
	129	430.261
	130	436.183
	131	442.203
	132	448.309
	133	454.505
	134	460.797
	135	467.182

LAUNATAFLA 1A		
FÉLAG KENNARA OG		
STJÓRNENDA Í TÓNLISTARSKÓLUM		
Tónlistarskólakennarar		
Frá 1. apríl 2018 til 31. mars 2019		
Starfsheiti	Launaflokkur	Laun
	136	473.662
	137	480.241
	138	486.920
	139	493.694
	140	500.577
	141	507.556
	142	514.642
	143	521.834
	144	529.134
	145	536.546
	146	544.066
	147	551.702
	148	559.451
	149	567.315
	150	575.299
	151	583.400
	152	591.628
	153	599.971
	154	608.442
	155	617.043
	156	625.773

FYLGISKJAL 2: LAUNATÖFLUR SKÓLASTJÓRA OG MILLISTJÓRNENDA

Mánaðarlaun skólastjóra og millistjórnenda sem gegna fullu starfi, skulu greidd skv. eftirfarandi launatöflum:

Launatafla 1-B, gildistími: 1. apríl 2018 til 31. júlí 2018

Launatafla 2-B, gildistími: 1. ágúst 2018 til 31. mars 2019

LAUNATAFLA 1B		
FÉLAG KENNARA OG STJÓRNENDA Í TÓNLISTARSKÓLUM		
Skólastjórnendur		
Frá 1. apríl 2018 til 31. júlí 2018		
Stig skólastjóra	Launaflokkur	Krónur
0	410	490.149
25	411	503.984
51	412	518.237
76	413	532.918
101	414	548.038
126	415	563.615
151	416	579.655
176	417	596.176
201	418	613.196
236	419	630.724
271	420	648.779
316	421	667.376
351	422	686.531
401	423	706.258
451	424	726.580
501	425	747.510
601	426	769.070
701	427	791.271
851	428	814.144
1001	429	837.703
1151	430	861.967
	431	886.959
	432	912.701
	433	939.217
	434	966.527
	435	994.656
	436	1.023.630

LAUNATAFLA 2B		
FÉLAG KENNARA OG STJÓRNENDA Í TÓNLISTARSKÓLUM		
Skólastjórnendur		
Frá 1. ágúst 2018 til 31. mars 2019		
Stig skólastjóra	Launaflokkur	Krónur
0	410	490.149
24	411	503.984
40	412	518.237
60	413	532.918
80	414	548.038
100	415	563.615
125	416	579.655
150	417	596.176
175	418	613.196
200	419	630.724
225	420	648.779
250	421	667.376
300	422	686.531
350	423	706.258
400	424	726.580
500	425	747.510
600	426	769.070
700	427	791.271
850	428	814.144
1000	429	837.703
1150	430	861.967
	431	886.959
	432	912.701
	433	939.217
	434	966.527
	435	994.656
	436	1.023.630